


Fjárlaganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2022
Tilv. 40.13 / 2.10

Efni: Umsögn Landspítala um frumvarp til laga um fjárlög 2023. 1. mál.


Fjárveitingar til rekstrar Landspítala hækka um 3.461,5 m.kr. samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga. Samkvæmt sundurliðun sem heilbrigðisráðuneytið hefur sent spítalanum má lýsa breyttum fjárveitingum frá fjárlögum yfirstandandi árs með eftirfarandi mynd:



Raunhækkun á fjárveitingum til spítalans er 1.266,1 m.kr. vegna raunvaxtar sem ætlað er að mæta lýðfræðilegum breytingum þ.e. fólksfjölgun og hækkandi meðalaldri og framþróun í meðferðarúræðum ofl. Þessi fjárhæð jafngildir 1,4% af gjaldaheimild fyrra árs þ.e. 2022.

Þegar því fyrirkomulagi var komið á að reikna spítalanum slíkan raunvöxt var það gert eftir ítarlega úttekt á því hvernig eftirspurn eftir þjónustu, mæld í DRG-einingum, greind niður á aldurshópa eykst með vaxandi öldrun þjóðarinnar og fólksfjölgun. Í upphafi var þessi aukna þörf metin á um 1,8% á ári og var því miðað við að spítalinn fengi fjárveitingu sem næmi 1,8% af gjaldaheimild fyrra árs til að mæta raunvextinum. Nú hafa þessir útreikningar verið yfirfarnir og má ætla að fjárveitingar þyrftu að aukast um 2,2% til að mæta raunvextinum. Ef upprunalega viðmiðið þ.e. 1,8% lægi til grundallar fumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 væri upphæðin 1.586 m.kr. eða 320 m.kr. hærri en í frumvarpinu og ef endurmetna þörfin væri höfð til viðmiðunar væri upphæðin 1.938,1 m.kr. eða 620 m.kr. hærri en frumvarpið. Þess má líka geta að spítalinn fékk reiknaðan raunvöxt ekki bættan á yfirstandandi ári heldur fór sú fjárhæð til að mæta auknum útgjöldum við styttingu vinnuvikunnar í vaktavinnu.

Framlög til tækjakaupa hafa dregist saman undanfarin ár. Flest lækningatæki og annar búnaður er keyptur inn í evrum. Á meðfylgjandi myndum má sjá hvernig framlög á verðlagi hvers árs hafa þróast og einnig hvernig gengi evru gagnvart krónu hefur þróast á sama tíma:



Framlög hafa því rýrnað verulega á liðnum árum. Í krónum talið um tæp 20% á sama tíma og gengi evru hefur hækkað um tæp 15%. Að auki hefur verið verðbólga í þeim löndum sem við kaupum tækin frá.

Frumvarp til fjárlaga og áskoranir Landspítala

Landspítali sem þjóðarsjúkrahús glímir við margar áskoranir í rekstri. Helstu áskoranirnar eru:

1. Erfiðleikar við að manna stöður
2. Að endurskipuleggja og byggja upp þjónustu spítalans í kjölfar COVID-19.
3. Að takast á við undirliggjandi rekstrarvanda

1. Erfiðleikar við mönnun

Erfiðlega hefur gengið að manna starfsemi spítalans og hefur það leitt til viðvarandi mannekleu. Auk þess að vera of fátt er starfsfólk spítalans langþreytt eftir heimsfaraldur COVID-19. Afleiðingin er að álag á starfsfólk eykst sem aftur leiðir til þess að fleiri hugsa sér til hreyfings og erfiðar gengur að laða nýtt fólk til starfa við spítalann. Við þessar aðstæður á spítalinn í vandræðum með að halda úti almennri þjónustu og erfiðar gengur að vinna niður biðlista sem lengdust í faraldrinum.

Fjárhagsleg áhrif þessa eru tvíþætt. Annars vegar verður umtalsverður sparnaður á launalið spítalans. Meiri sparnaður verður á föstum launum en sem nemur viðbótarútgjöldum vegna breytilegrar yfirvinnu þrátt fyrir að yfirvinnan sé dýrasta form launagreiðslna þar sem ekki tekst að halda úti áætlaðri starfsemi. Hins vegar er hætt á að spítalinn geti ekki náð að veita þjónustu í samræmi við samning um framleiðslutengda fjármögnun sem leiðir til þess að fjárveitingar verið teknar af honum. Mikilvægt er að spítalinn geti snúið við þessari þróun og laðað til sín fólk til starfa og haldið í sitt góða starfsfólk. Lykilatriði í þeirri viðleitni eru samkeppnishæf launakjör og aðlaðandi starfsumhverfi.

2. Endurskipulagning og uppbygging í kjölfar COVID-19

Faraldurinn hefur haft ráðandi áhrif á spítalann nú í tæp þrjú ár. Í upphafi faraldursins var starfsemi spítalans endurskipulögð þannig að hægt væri að sinna COVID-19 sjúklingum. Dregið var úr annarri starfsemi spítalans og um tíma var valaðgerðum hætt að tilmælum landlæknis. Biðlistar hafa því lengst og margir bíða þjónustu. Þá hefur faraldurinn kallað á breytt verklag á mörgum sviðum, m.a. með aukinni áherslu á sýkingavarnir. Enn fremur hefur geta spítalans til að framkvæma vissar rannsóknir aukist með tilkomu nýrra tækja sem keypt voru til að greina COVID-19. Mikilvægt er að nýta þessa auknu getu til að auka öryggi sjúklinga. Slíkt kallar á aukin kaup á hvarfefnum og rekstarvöru sem veldur auknum útgjöldum. Loks hafa verklag og vinnuferlar verið endurskoðaðir m.a. með það að leiðarljósi að auka öryggi sjúklinga.

Nauðsynlegt er að spítalinn hafi fjárhagslega burði til að takast á við þessi verkefni þ.e. að stytta bið eftir þjónustu og að breyta verklagi til að auka öryggi sjúklinga. Að óbreyttu hefur hann það ekki.

3. Undirliggjandi rekstrarvandi

Landspítali glímir við langvarandi fjárhagsvanda. Spítalinn hefur löngum verið rekinn með halla og hefur mætt honum m.a. með því að hagræða í rekstri og reyna að aðlaga starfsemina að fjárveitingum. Síðustu ár hafa verið þung sem skýrist að hluta af heimsfaraldrinum sem hefur haft veruleg áhrif á starfsemi spítalans og því hefur ekki tekist að laga rekstur að fjárheimildum. Frá árinu 2018 hefur rekstarniðurstaðan verið eftirfarandi:

- 1.426 m.kr. halli árið 2018
- 2.381 m.kr. halli árið 2019
- 450 m.kr. halli árið 2020
- 2.675 m.kr. afgangur árið 2021

Helstu skýringar að baki rekstrarafgangs 2021 eru annars vegar tæplega tveggja milljarða framlag frá heilbrigðisráðuneytinu til að mæta eldri halla og svo erfiðleikar við að manna stöður á spítalanum. Þegar horft er framhjá þessum skýringum glímur Landspítali við undirliggjandi rekstrarvanda.

Í ár er gert ráð fyrir að spítalinn verði rekinn innan fjárveitinga en það er vegna undirmönnunar á spítalanum og einskiptis fjárveitingum sem leysa ekki undirliggjandi rekstarvanda spítalans.

Samandregið

Það er afar brýnt að fjárlagafrumvarpið taki á þeim áskorunum sem blasa við Landspítala og í raun heilbrigðiskerfinu öllu í lok heimsfaraldurs COVID-19. Frumvarpið verður að koma til móts við þá erfiðu stöðu sem að framan er rakin, þ.e. við mönnun starfa, við endurskipulagningu og uppbyggingu þjónustu spítalans eftir faraldurinn og viðureign við undirliggjandi rekstrarvanda.

Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um opinber fjármál skulu ríkisaðilar „...eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram leggja fyrir hlutaðeigandi ráðherra áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum.“ Að óbreyttu þarf spítalinn að skerða þjónustu sína. Slík staða er auðvitað alvarleg.

Loks er það áhyggjuefni að framlög til tækjakaupa hafa lækkað á undanförunum árum.

Virðingarfyllt,

Runólfur Pálsson
forstjóri Landspítala